

7. Bréf hinna íslensku stjórnardeildar til allra prófasta á Íslandi, um fólkstölu.

1860.

16. febrúar.

Eptir skýrslu ríkisfræðisdeildarinnar var allt fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. dag þessa mánaðar; en með því sá dagur þótti ekki hentugur til fólkstölu á Íslandi, eptir því sem þar hagar til og í hinum öðrum norðlægu löndum Danakonungs, er ákveðið, að þar skuli fólk talið 1. dag næstkomandi októbermánaðar. Á Íslandi þótti best henta, að telja eptir sóknum, áþekkt því, sem gjört hefir verið í Danmörku, á þann hátt, að hver prestur láti hreppstjóra eður annan mann í sókninni, er til þess se fær, rita á eyðublöð, er til þess eru ætluð, íbúa sóknarinnar, og skal þar til greind tala heimilanna, nöfn manna, aldur, stétt o. s. frv., og að presturinn síðan semji eptir manntalstöflum þessum aðaltöflur fyrir sóknina, og sendi þar á eptir hvorttveggja prófasti, er aptur sendi það beina leið hinni íslensku stjórnardeild, ásamt manntalsskrám og aðaltöflum fyrir sína eigin sókn. Það þótti og réttast, að fólkstalan se tekin eins og hún er 1. dag októberm. þ. á., svo að töflurnar sýni hina réttu tölu landsbúa þann dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með bréfi þessu, reglur um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð, sem prentað er á íslensku, og er það í flestum atriðum samkvæmt því, sem farið er eptir, þá fólkstala fer fram í sveitum í Danmörku; en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.
2. Skýrsluform til manntalsskránna.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltafna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og er þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Eruð þér beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í prófastsdæmi yðar, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að málið fái góðan framgang í prófastsdæmi yðar, og að farið se eptir reglum þeim, sem að ofan er á minnt, og að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynnu að

1860. gjöra um réttan skilning á reglunum — og fylgja því bréfi
 16. febrúar. þessu til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, tvö expl.
 af reglum um manntal í sveitum í Danmörku o. s. frv. — ;
 eruð þér og beðnir að láta yður einkar annt um, að manntals-
 skrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í prófastsdæmi yðar
 komist hingað með fyrstu póstskeipsferð næsta ár.

17. febrúar. **8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiðtsyfir-
 valdanna á Íslandi, um ölmusur til prestaskólans
 í Reykjavík.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra,
 eptir tilmælum stjórnarinnar, í bréfi dags. 10. maí í fyrra,
 látið í ljósi álit yðar um bænarskrá þá, sem alþing sendi hingað
 1857 viðvíkjandi prestaskólanum í Reykjavík, þar sem beðið
 var um, að auk þeirra þriggja ölmusa, sem veittar eru úr
 ölmusúsjóði háskólans, yrði enn fremur úr ríkissjóðnum veittar
 þrjár ölmusur, jafnháar þeim, sem verið hafa.

Stjórnin hefur nú kynnt sér álitsskjal þetta, og þótti henni
 ei að síður ísjárvert, að leggja þann kostnað á ríkissjóðinn, er
 af því leiddi, ef það fengist, sem um var beðið. Þar á móti
 hefur hún enn að nýju snúið sér til háskólaráðsins í Kaup-
 mannahöfn og spurt það, hvort nokkur von mundi til, að
 fleiri ölmusur gætu fengizt úr ölmusúsjóði háskólans handa
 prestaskólanum í Reykjavík.

Eins og sjá má af álitsskjölum háskólaráðsins, er hér fylgja,
 hefur það þverneitað þessu, og sér stjórnin því engan veg til
 að gjöra frekara í máli þessu. Eg hef ekki viljað láta hjálfa,
 að láta yður vita þetta.